

Viðmið um notkun gervigreindar fyrir nemendur í skóla- og frístundastarfi

Gervigreind getur hjálpað þér í námi, en hún á ekki að hugsa fyrir þig. Þú berð alltaf ábyrgð á því sem þú skilar. Einu gervigreindarverkfærin sem þú mátt nota í námi eru frá Google með innskráningu kopskolar.is. Verkfærin eru til dæmis Gemini, NotebookLM, Gems o.fl.

Notum gervigreind með leyfi kennara

Þú átt aðeins að nota gervigreind í verkefnum þegar kennari segir að það sé í lagi og með þeim verkfærum sem skólinn eða kennarinn samþykkir. Ef þú ert ekki viss um hvort þú megir nota gervigreind, spurðu þá kennara fyrst áður en þú hefst handa.

Setjum ekki inn persónuupplýsingar

Þú mátt aldrei setja inn persónuupplýsingar um þig eða aðra, til dæmis nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, myndir eða lykilorð.

Notum gervigreind sem aðstoð

Þú mátt nota gervigreind til að fá hugmyndir, útskýringar, dæmi eða hjálp við að skilja efni.

Berum virðingu fyrir öðrum

Ekki nota gervigreind til að búa til særandi, ósannar eða meiðandi upplýsingar um aðra.

Förum alltaf yfir efni frá gervigreind

Gervigreind getur haft rangt fyrir sér. Þú þarft að lesa vel yfir, hugsa sjálfstætt og athuga hvort efni frá gervigreind sé rétt og passi við verkefnið.

Skilum eigin vinnu

Það sem þú skilar á að sýna hvað þú kannt. Ekki afrita efni frá gervigreind og láta eins og það sé þitt eigið verk.

Verum heiðarleg

Ef kennari biður um það, átt þú að segja frá því hvernig þú notaðir gervigreind í verkefninu.



Notaðu gervigreind til að læra betur - ekki til að sleppa við að læra.

